



Afstaða til markaðar, ríkis og lýðræðis

Í kjölfar fjármálahrunsins gerði Þjóðmálastofnuna Háskóla Íslands könnun á viðhorfum fólks til velferðarmála. Könnunin er hluti af fjölþjóðlegu rannsóknarverkefni og inniheldur mikinn fjölda spurninga um viðhorf fólks til einstakra þátta velferðar- og þjóðmála. Sambærileg könnun hefur verið lögð fyrir almenning í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Þýskalandi og Hollandi. Að auki voru lagðar fyrir sérstakar spurningar á Íslandi um viðhorf fólks til hrunsins og áherslur varðandi endurreisn samfélagsins. Um er að ræða póstkönnun sem var framkvæmd á tímabilinu frá 1. desember til 1. apríl. Úrtakið var 1500 manns og svörun rúmlega 50% af virku úrtaki. Greining á samsetningu svarendahópsins bendir til að svarendur endurspegli þjóðina 18 ára og eldri með viðunandi hætti. Hér verða birtar niðurstöður svara við nokkrum spurningum um áherslur fyrir endurreisnina á Íslandi.


1) Besta leiðin til að vinna á þeim efnahagsvanda sem steðjar að íslensku þjóðinni er að láta markaðinn rétta sig af án afskipta ríkisins



2) Ríkisvaldið hefur mikilvægu hlutverki að gegna í endurreisn íslensks efnahagslífs



3) Það er mikilvægt að tryggja aðkomu almennra borgara að ákvörðunum um framtíð Íslands





Svo virðist sem hrunið hafi dregið nokkuð úr trú fólks á virkni markaðarins í samfélaginu, eins og sjá má á myndum 1 og 2. Tæp 71% svarenda eru frekar eða mjög ósammála þeirri fullyrðingu að besta leiðin til að vinna á efnahagsvandannum sé að láta markaðinn rétta sig af án afskipta ríkisins. Að sama skapi eru tæp 90% svarenda frekar eða mjög sammála því að ríkisvaldið hafi mikilvægu hlutverki að gegna við endurreisn íslensks efnahagslífs. Ekki eru tiltæk sambærileg gögn frá því fyrir hrunið og því er ekki hægt að fullyrða neitt ákveðið um umfang breytinga á viðhorfum fólks til þessara mála. Í ljósi þess að áhrif almennrar frjálshyggju hafa verið mikil á Íslandi á undanförunum áratug virðist líklegt að viðhorf til sjálfstæðis markaðarins hafi áður verið talsvert jákvæðara en nú er. Raunar eru niðurstöðurnar svo afgerandi að ætla má að trúverðugleiki markaðhyggju hafi beðið hnekki og að fólk horfi nú í auknu mæli til ríkisins sem æskilegs geranda í að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Þetta er í takti við breytt viðhorf til óheftra markaðshátta almennt á Vesturlöndum, en margir fræðimenn draga nú þá ályktun af alþjóðlegu fjármálakreppunni að of mikið sjálfstæði fjármálamarkaða hafi leitt hagkerfi heimsins í ógöngur. Hins vegar má ætla að með tímanum muni tiltrú á markaðinn aukast á nýjan leik, enda er markaðurinn mikilvægur í skipan atvinnulífs og viðskipta. Í farsælu þjóðfélagi þarf að samþætta markað og lýðræðisleg stjórnsmál, án of mikils yfirgangs annars á kostnað hins.

Í kjölfar hrunsins jókst pólitísk virkni almennings hér á landi til muna. Grasrótahreyfingar spruttu fram og létu til sín taka í mótmælum og andófi sem að mörgu leyti eru án fordæma í sögu íslenska lýðveldisins. Samhliða

þessari auknu virkni voru uppi háværar kröfur um auknið lýðræði og aukna aðkomu almennings að ákvarðanatöku, t.d. með því að almenningi væri gert auðveldara að knýja á um þjóðaratkvæðagreiðslu og að sett yrði á laggirnar stjórnlagabing sem endurskoðaði stjórnarskrána og leikreglur lýðræðisins, óháð stjórnsmálaflokkum. Slíkra áhrifa gætir í svörum þátttakenda í könnuninni. Mynd 3 sýnir að nærri 89% svarenda voru mjög eða frekar sammála því að mikilvægt sé að tryggja aðkomu almennra borgara að ákvörðunum um framtíð Íslands. Einungis um 4% voru andvíg. Krafa um þátttöku almennings og virk samráð við endurreisn efnahagslífs og þjóðfélags er þannig sterk í þessari könnun, en svar stjórnvalda við slíku kalli kann að vera mikilvæg forsenda þess að samstaða náist um þau úrræði sem gripið verður til.

Stjórnmalastefnan og velferðarríkið

Í könnuninni var spurt um nokkur atriði sem hafa verið áhrifamikil í tíðaranda þeirrar frjálshyggju sem ríkt hefur á Vesturlöndum og með vaxandi þunga á Íslandi á síðasta áratug, svo sem viðhorf til velferðarhlutverks hins opinbera, einstaklingsfrelsis og jafnaðar. Í frjálshyggjunni hefur róttæk einstaklingshyggja verið áberandi (samanber fræg orð Margrétar Thatcher forsætisráðherra Bretlands um að það sé ekki til neitt samfélag, einungis sjálfstæðir einstaklingar). Þessum tíðaranda hefur oftast fylgt mikil áhersla á markaðinn sem vettvang einstaklingsfrelsis og útvíkkun markaðshátta til stöðugt fleiri sviða samfélagsins, ásamt vantrausti á ríkisvald og flesta tilburði stjórnvalda til að hafa áhrif á virkni markaðarins. Einnig er hluti af þessu sjónarhorni rík áhersla á efnishyggju og neyslu.





Margt bendir til að Ísland sé eitt þeirra landa sem hafa gengið mjög langt í að fylgja slíkri stefnu á síðustu árum, sérstaklega eftir 1995 (sjá t.d. nýlega grein Arnaldar Sölva Kristjánssonar og Stefáns Ólafssonar, "Heimur hátekuhópanna"). Í grannríkjunum eru í auknum mæli dregnar þær ályktanir að stefna hinna óheftu markaðshátta hafi leitt mörg samfélög í ógöngur. Þau sjónarmið heyrast því meir en áður að reglur og eftirlit hafi rofnað um of, með tilheyrandi siðrofi í samfélaginu, og að nú þurfi skipulagsbreytingar á þessum sviðum vestrænna samfélaga. Á mynd 4 eru sýndar niðurstöður við almennri spurningu um samband milli stjórnmalastefnu undanfarinna ára og núverandi efnahagsvanda þjóðarinnar. Stærstur hluti svarenda, eða 72,8%, telur stjórnmalastefnu undanfarinna ára vera meginástæðu fyrir liggjandi efnahagsvanda. Tæp 14% eru því ósammála.

Andstaða gegn opinbera velferðarkerfinu er annað einkenni ofangreindrar frjálshyggju. Mynd 5 bendir til að stór meirihluti fólks á Íslandi telji mikilvægt að efla íslenska velferðarkerfið, en hátt í 88% segjast sammála því og einungis 3,6% eru andvíg.


Frelsi og jöfnuður

Á undanförunum árum hefur verið algengt að líta svo á að frelsi og jöfnuður séu öndverð markmið, auk þess sem frelsið hefur oftast notið forgangs í opinberri umræðu, m.a. vegna ríkjandi tíðaranda frjálshyggjunnar. Myndir 6 og 7 benda til að breyting gæti hafa orðið þar á. Frelsið er enn mikilvægt gildi í íslenskri þjóðarvitund (46,8% eru frekar eða mjög sammála því að leggja eigi meiri áherslu á frelsi einstaklingsins á hinu nýja Íslandi), en jöfnuður virðist hins vegar nú njóta mikils forgangs (um 88% svarenda eru frekar eða mjög sammála því að leggja eigi meiri áherslu á jöfnuð í framtíðinni, og einungis 3,7% eru því ósammála). Ætla má að þróun í átt til aukins ójafnaðar í samfélaginu á síðustu árum geti verið mikilvæg rót þessarar niðurstöðu. Þá er einnig rétt að halda því til haga að sú ríka áhersla á einstaklingsfrelsi sem þrátt fyrir allt er til staðar í íslensku samfélagi felur ekki óhjákvæmilega í sér stuðning við skilgreiningu frjálshyggjunnar á frelsi, þ.e. sem afskiptaleysi ríkisins gagnvart mörkuðum. Hugmyndin um frelsi getur líka falið í sér tilvísun til tækifæra fyrir alla þjóðfélagsþegna til að lifa lífinu í samræmi við eigin þarfir og óskir, en velferðarríkið hefur mikil áhrif á skilyrði fyrir því. Ef frelsið er skilið á þann hátt er ljóst að lýðkjörið ríkisvald getur haft mikilvægu hlutverki að gegna við að hjálpa fólki að yfirvinna ýmsar formlegar og óformlegar hindranir sem mæta því í daglega lífinu, s.s. vegna fjárhagsþrenginga, atvinnuleysis, fötlunar eða annars.




Almennar leiðir í þjóðfélagsþróun: Bandaríska eða Skandinavíska leiðin?

Bandaríkin eru í hugum margra það ríki sem hefur gengið hvað lengst á Vesturlöndum í að gefa markaðsöflum mikið rúm og frelsi í þjóðfélagsskipaninni, auk þess sem velferðarforsjá hins opinbera er þar takmarkaðri en víða í Evrópu, ekki síst í samanburði við skandinavísku þjóðfélögin. Bandarísk menning og lífshættir hafa haft talsverð áhrif á Íslandi á seinni hluta 20. aldar, sem kann m.a. að skýra það að tíðarandi frjálslyggjunnar varð jafn áhrifamikill á Íslandi á síðustu árum og raun ber vitni.



Aðrir hafa litið á Norrænu velferðarríkin sem andstæðu bandarísku leiðarinnar í mótun samfélagsins. Norðurlöndin eiga það sammerkt að ætla ríkinu umtalsverða ábyrgð á velferð borgaranna auk þess sem markaðurinn er þar tengdur félagslegum markmiðum í meira mæla en tíðkast til dæmis í enskumælandi löndunum, sem flest fylgja fordæmi Bandaríkjanna að umtalsverðu leyti (sjá nánar í bók Stefáns Ólafssonar og Kolbeins Stefánssonar, *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag*, 2005).

Þegar svarendur voru spurðir um afstöðu til þess hvort Íslendingar ættu að fylgja fordæmi Bandaríkjanna eða hinna Norðurlandanna í þróun þjóðfélagsins í framtíðinni voru niðurstöðurnar mjög afgerandi. Tæp 83% svarenda voru mjög eða frekar ósammála því að við ættum að taka okkur Bandaríkin til fyrirmyndar á Íslandi framtíðarinnar og einungis um 4,2% voru því sammála. Að sama skapi voru rúm 75% frekar eða mjög sammála því að Ísland framtíðarinnar ætti að líkjast meira skandinavísku þjóðfélögunum og einungis rúm 7% voru því ósammála.



Samantekt

Íslenska þjóðin virðist hafa dregið þá ályktun af reynslu sinni af efnahagshruninu, að hún eigi að líta frekar til frændþjóðanna á hinum Norðurlöndunum eftir fyrirmyndum en til Bandaríkjanna. Sú niðurstaða er í góðu samræmi við niðurstöðurnar sem fram koma á myndum 1 til 7 hér að framan.

Þjóðin hefur nú meiri fyrirvara en áður gagnvart hlutverki og skipan markaðshátta í samfélaginu og virðist reiðubúin að ætla ríkisvaldinu og velferðarríkinu stærra hlutverk. Kannanir Capacent Gallup á viðhorfum til einkavæðingar sýna sömuleiðis mjög minnkaðan stuðning við einkavæðingu á síðustu mánuðum. Árið 2005 voru um 46% svarenda hlynnt einkavæðingu stofnana eða fyrirtækja í eigu ríkisins, en í janúar 2009 var stuðningurinn kominn niður í 23% (sjá Þjóðarpúls, 3. feb. 2009).

Niðurstaða kosninganna 25. apríl, einkum sú óvenju mikla vinstri sveifla sem þar kom fram, virðist einnig vera í samræmi við þessi breyttu viðhorf til grundvallarpáttanna þjóðmálanna. Þau viðhorf sem koma fram í þessari könnun eru þó ekki aðeins til marks um breytt gildi meðal vinstri- og miðjumanna. Niðurstöðurnar í heild, einkum dræmur stuðningur Íslendinga nú við óhefta markaðshætti og þjóðfélagsgerð Bandaríkjanna, benda til að sumir hægrimenn hafi snúið baki við róttækustu frjálslyggjunni. Ekki er hægt að fullyrða að þessar breytingar verði til frambúðar. Alþjóðlega fjármálakreppan er þó víða að leiða af sér grundvallar endurskoðun á viðhorfum til markaða og ríkisvalds. Slíkt gerðist einnig á Vesturlöndum í kjölfar kreppunnar miklu á fjórða áratug síðustu aldar og urðu hin nýju sjónarmið blandaða hagkerfisins sem þá komu fram ríkjandi fram undir 1980. Framvinda þjóðmálanna á Íslandi í kjölfar fjármálakreppunnar sem og þróun ríkjandi tíðaranda á Vesturlöndum á næstu árum ræður væntanlega miklu um frekari þróun ofangreindra gilda í íslenska þjóðfélaginu.

Nánari upplýsingar veita Stefán Ólafsson (olafsson@hi.is) og Kolbeinn Stefánsson (kolbeinn@hi.is).